

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félags íslenskra hljómlistarmanna**

72. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna var haldinn miðvikudaginn 19. desember 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 9:30.

Mætt voru f.h. FÍH, Gunnar Hrafnson, Freyja Gunnlaugsdóttir, Össur Geirsson og Eyþór Ingi Kolbeins, af hálftu SNS, Harpa Ólafsdóttir, Haukur Þór Haraldsson og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir boðaði forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Mál er varðar mat á menntun tveggja tónlistarskólakennara –**

**Niðurstaða:**

Málið rætt og því vísað til afgreiðslu heim í hérað.

**2. Ákvæði um grein 5.3.2 Akstur til og frá vinnu –**

**Niðurstaða:**

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

**3. Tillaga FÍH um breytingu á grein 1.3.1 um starfsheiti**

Á 71. fundu aðila þann 3. október s.l. óskaði FÍH eftir að teknar yrðu til umfjöllunar tillögur félagsins um breytingar á kaflanum um röðun í starfsheiti og var afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á grein 1.3.1 um starfsheiti:

Tónlistarkennari II: Hefur lokið framhaldsprófi í tónlist skv. aðalnámsskrá tónlistarskóla, stúdentsprófi af tónlistarbraut eða öðru lokaprófi úr framhaldsskóla á 3. hæfniprepi (150 fein í tónlist) skv. aðalnámsskrá framhaldsskóla með tónlist sem aðalnámsgrein.

Tónlistarkennari III: Aðilar eru sammála um að frá og með 1. desember 2018 falli niður skýring sem finna má í grein 1.3.1:

*Skýring: Þeir sem lokið hafa einleikarprófi, burtfararprófi frá viðurkenndum tónlistarskóla eða hlotið samsvarandi menntun raðast ennfremur sem tónlistarskólakennari III. Einnig þeir sem ráðnir hafa verið í Sinfóníuhljómsveit Íslands eða sambærilegar atvinnuhljómsveitir að undangengnu prufuspili.*

Frá sama tíma skal tónlistarkennari hafa lokið 180 ECTS eininga grunnprófi frá háskóla til að eiga kost á því að raðast í starfsheitið Tónlistarkennari III.

Undanskilið er ákvæði bókunar V um endurröðun í starfsheiti en þar segir: Samstarfsnefnd getur að fenginni ósk tónlistarskóla ákveðið að raða í starfsheitið tónlistarskólakennari III (áður IV) þeim einstaklingum sem vegna reynslu sinnar, þekkingar og færni eru ráðnir til kennslu eða prófdæmingar á efstu stigum tónlistarnáms.

*Þeir sem eiga samkvæmt skýringarákvæðum við grein 1.3.1. að raðast sem Tónlistarkennari III og luku námi eða prufuspili fyrir 1. desember 2018 halda þeirri röðun.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.